

Deildin er opin kl. 8–16 alla virka daga.

Símanúmer deildarinnar eru 543-6130 og 543-6100.

Ritarar taka við skilaboðum til hjúrunarfræðinga og lækna sem hafa svo samband.

Hjúrunardeildarstjóri:

Gunnhildur Magnúsdóttir

Yfirlæknir lyflækninga krabbameina:

Sigurður Björnsson

Yfirlæknir blóðlækninga:

Hlíf Steingrímsdóttir

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI, LYFLÆKNINGASVIÐ II
DAGDEILD BLÓÐ- OG KRABBAMEINSLÆKNINGA 11B
APRÍL 2008

HÖFUNDUR OG ÁBYRGÐARMADUR:
GUNNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC

Dagdeild blóð- og krabba-meinslækninga 11B



Velkomin á deildina!

Við leggjum áherslu á að sjúklingar og aðstandendur fái góða og örugga þjónustu. Í því felst m.a. að allar upplýsingar séu skýrar. Einnig að sjúklingar og aðstandendur séu virkir þátttakendur þegar ákvarðanir eru teknar um meðferð og hjúkrun og að samskipti séu skýr og opin. Ef eitthvað er óljóst er starfsfólkið alltaf reiðubúið að greiða úr því.

Deild 11B tilheyrir lyflækningasviði II, og er á fyrstu hæð í elsta hluta Landspítala við Hringbraut, í C- og B-álmum. Í C-álmum eru móttökustofur lækna og biðstofa, en í B-álmum eru stofur fyrir hjúkrun og meðferðir.

Meginþjónusta deildarinnar er við sjúklinga með krabbamein og blóðsjúkdóma, sem koma í lyfjameðferð, einkenna- og stuðningsmeðferð og eftirlit.

Við deildina starfa sérfræðingar í krabba-meinslækningum og blóðlækningum, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliði og móttökuritarar. Að auki er mikið samstarf við félagsráðgjafa, presta, sálfræðinga, næringarráðgjafa og fleiri fagstéttir sem sinna sjúklingum og aðstandendum eftir beiðnum frá hjúkrunarfræðingum og læknum.

Í innskriftarviðtali við hjúkrunarfræðinga fá sjúklingar og aðstandendur upplýsingar um deildina og þá þjónustu sem er í boði. Farið er yfir meðferðaráætlun og næstu skref.

Allir fá afhenta dagbók. Þar eru skriflegar upplýsingar um þjónustu deildarinnar, um meðferðina, hugsanlegar aukaverkanir og ýmis úrræði.

Allan tímann sem meðferðin stendur er lögð áhersla á að meta stöðugt líðan og þarfir sjúklingsins og veita upplýsingar sem að gagni geta komið.

Lögð er áhersla á að aðstandendur fái einnig upplýsingar og þann stuðning sem þörf er á. Aðstandendur eru hvattir til að koma reglulega með sínum nánasta og þeim er velkomið að dvelja á deildinni meðan sjúklingurinn er í meðferð.

Öllum er velkomið að fá sér kaffi, te og ávaxtasafa sem er í kaffivagni á deildinni. Frá kl. 11:30 til kl. 13:00 er hægt að fá samlokur, jógúrt o.fl.

Við komu á deildina þarf að tilkynna sig hjá móttökuritarum. Komugjöld miðast við gjaldskrá sem gefin er út af Tryggingastofnun ríkisins og greitt er við brottför af deildinni. Örorku- og ellilífeyrisþegar og þeir sem eru með afsláttarkort greiða lægra gjald. Hægt er að láta senda sér gíróseðil heim, en þá bætist við innheimtukostnaður. Móttökuritarar veita fúslega frekari upplýsingar um kostnað og innheimtu.